



Hreppsnefnd 17.10.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 17. okt. 2002

Fundur hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps haldinn mánudaginn 17. okt. 2002 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Gunnhildur Inga Geirsdóttir, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson, oddviti, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson, Björn H. Sigurbjörnsson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

1. mál Fundargerðir hreppsnefndar frá 23. sept. og 3. okt. sl.
Fundargerðirnar lagðar fram ræddar og síðan samþykktar.

2. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 1. okt. sl.
Fundargerðin lögð fram. Hreppsnefnd staðfestir fyrir sitt leyti tillögu hafnarnefndar sem fram kemur í 1. tl. fundargerðarinnar. Fundargerðin síðan samþykkt með lítilsháttar orðalagsbreytingum.

3. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 1. okt. sl.
Fundargerðin lögð fram og hún rædd. Smávægilegar leiðréttingar voru gerðar á henni. Fram kom sú athugasemd að oftlega væru framkvæmdir hafnar áður en fengið væri endanlegt samþykki bygginganefndar fyrir þeim.
Sveitarstjóri gerði síðan grein fyrir drögum að greinargerð vegna aðalskipulagsgerðar fyrir árin 2002-2022. Jafnframt lögð fram frumdrög að skipulagsupprætti fyrir þéttbýlið á Vopnafirði.
Fundargerðin síðan samþykkt.

4. mál. Fundargerð opins kynningarfundar um fyrirhugaða brimvörn.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. mál. Fundargerð skólanefndar frá 24. sept. og 1. okt. sl.
Fundargerðir skólanefndar lagðar fram. Nokkur umræða varð um fundargerð frá 24. sept. sl., sérstaklega varðandi hugmyndir nefndarinnar um breytt fyrirkomulag á ræstingum og ráðningu starfskrafts á leikskólann án auglýsingar. Einnig voru vangaveltur um þjónustustig í leikskólanum m.a. um hvort taka eigi börn yngri en eins árs í gæslu á leikskólanum.
Síðan var eftirfarandi tillaga lögð fram: "Sveitarstjóra falið að framkvæma þær hugmyndir sem settar eru fram varðandi það að ráða leikskólaliða sem sinni ræstingu og öðru tilfallandi".
Tillagan samþykkt með 7 atkv.
Báðar fundargerðirnar síðan samþykktar.

6. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 10. okt. sl.
Fundargerð atvinnumálanefndar frá 10. okt. sl. lögð fram til kynningar. Í fundargerðinni kemur fram að sótt hefur verið um styrki hjá Impru til nokkurra verkefna sem unnið er að í atvinnumálum.

7. mál. Nefndir. Rætt um fyrirkomulag nefnda o.fl.
Lagt fram yfirlit um þær nefndir sem ekki hefur verið kosið í eftir kosningar. Fram komu hugmyndir um að fækka nefndum og hvernig skipað yrði í þær nefndir sem eftir er að skipa í.
Sérstaklega var rætt um nýmæli í barnaverndarlögum um að 1500 íbúar skulu vera á bak við hverja barnaverndarnefnd. Sveitarstjóri greindi frá viðtölum sínum við Félagsmálaráðuneytið og Barnaverndarstofu um úrlausn þessara mála, en sem kunnugt er hefur verið sameiginleg barnaverndarnefnd Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðarhrepps. Hugmyndir eru uppi um að ná samvinnu um þessi mál austur yfir Smjörvatnsheiði til þess að ná markmiði laganna um íbúafjölda. Sveitarstjóra falið að skrifa félagsmálaráðuneytinu og Barnaverndarstofu og fá undanþágu um

Þessi mál þar til gengið hefur verið frá endanlegu fyrirkomulagi barnaverndarmála til samræmis við nýja löggjöf. Samþykkt var að starfandi barnaverndarnefnd sinni þessum málaflokki þar til ný hefur verið skipuð.

8. mál. Byggðastofnun bréf dags. 14. maí og 11. okt. sl., varðandi lántökur Skiphólma ehf. o.fl.

Lögð fram bréf Byggðastofnunar frá 14. maí og 11. okt. sl. þar sem greint er frá ákvörðunum í stjórn Byggðastofnunar, vegna fyrirgreiðslu stofnunarinnar við Skiphólma ehf. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála og var honum falið að ganga frá nauðsynlegum gerningum til samræmis við fyrirliggjandi samþykktir Byggðastofnunar. Samþykkt með 7 atkv.

9. mál. Þorrablótsnefnd, bréf dags. 4. okt., varðandi gjöf til stólakaupa. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þakkar góða gjöf nefndarinnar.

10. mál. Samgöngumál, tillögur og erindi.

Lögð fram erindi er afhent voru Fjárlaganefnd Alþingis 30. sept. sl. Ennfremur lagt fram bréf Steindórs Sveinssonar og Björns Halldórssonar hreppsnefndarmanna, varðandi drög að samþykktum um samgöngumál, um tengingu þjóðvegjar eitt við Vopnafjörð. Jafnframt lögð fram fundargerð samgöngunefndar SSA frá 30. sept. sl.

Sveitarstjóri skýrði fyrirliggjandi gögn og gerði grein fyrir óskum sveitarfélagsins um fjárveitingar til vegamála. Ennfremur var greint frá því að unnið væri hjá Vegagerð ríkisins að endanlegum útfærslum á tengingum Vopnafjarðar með nútímalegum hætti við þjóðveg eitt. Vegagerðin hefur greint frá því að tillögur þessar ásamt kostnaðaráætlunum liggi fyrir með greinargerð í næstu viku og er áætlað að fulltrúar Vegagerðarinnar komi í framhaldi og geri grein fyrir tillögunum.

All miklar umræður urðu um málefnið tenging Vopnafjarðar við hringveginn.

Í framhaldi varð samstaða um að fresta afgreiðslu á fyrirliggjandi drögum af samþykktum um samgöngumál, þangað til að fulltrúar Vegagerðarinnar hefðu komið og gert grein fyrir þeim valkostum sem eru til skoðunnar þar.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir.

a) Fundargerð stjórnar samtaka á köldum svæðum frá 16. sept. sl.

Lagt fram til kynningar

b) Fundargerð samstarfsnefndar launaneftdar sveitarfélaga frá 1. okt. sl.

Lagt fram til kynningar

c) Aðalfundarboð fulltrúaráðs Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs.

Samþykkt að Ólafur Valgeirsson verði fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.